



MOSFELLSBÆR

## Jafnlaunastefna Mosfellsbæjar

Mosfellsbær leggur metnað sinn í að tryggja öllum starfsmönnum jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, þannig að launamunur sé ekki til staðar. Umfang jafnlaunastefnunnar tekur til allra starfsmanna Mosfellsbæjar

Markmið Mosfellsbæjar er að vera eftirsóttur vinnustaður þar sem konur og karlar hafa jöfn tækifæri í starfi.

Jafnlaunaúttekt PWC var framkvæmd og fékk Mosfellsbær gullmerki PWC 2018 en auk þess hlaut Mosfellsbær jafnlaunavottun í maí 2018 á grundvelli laga 10/2018.

Gert hefur verið samkomulag við vottunaraðila um að gera árlega úttekt á jafnlaunastefnu og kerfi Mosfellsbæjar. Geri vottunaraðili á einhverjum tímapunkti athugasemdir varðandi launasamsetningu einhverra starfa mun samsetning vera endurskoðuð í kjölfar ábendingar og lagfærð.

Mosfellsbær hefur skjalfest, innleitt, og heitir að viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfis í samræmi við kröfur ÍST85:2012 staðalsins.

Mosfellsbær hefur í þessu samhengi innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum ástæðum. Mosfellsbær skuldbindur sig til að framfylgja jafnlaunastefnunni í hvívetna.

Á grunni nýs lagaramma hefur Mosfellsbær að markmiði að:

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85, það verði skjalfest og því viðhaldið.
- Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Gera innri úttekt og halda rýni stjórnenda árlega.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma, 10/2018, 86/2018 og 90/2018 sem og annarra laga sem við eiga.
- Kynna stefnuna árlega fyrir starfsmönnum Mosfellsbæjar. Stefnan skal einnig vera almenningi aðgengileg á heimasíðu Mosfellsbæjar.